

Ágúst Þór Árnason
formaður lagadeildar Háskólans á Akureyri
agust@unak.is

Alþingi
Erindi nr. P 141/1017
komudagur 12.12.2012

Skúli Magnússon
dósent við lagadeild Háskóla Íslands
skulimag@hi.is

Akureyri og Reykjavík, 12. desember 2012.

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

Vísað er til fréttatilkynningar stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis 29. nóvember sl., þar sem þeim, sem þess óska, er gefinn kostur á að senda skriflegar athugasemdir við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá Íslands (þskj. 510, 141. lþ.).

Af þessu tilefni viljum við, undirritaðir, vekja athygli á því að 17. janúar sl. lögðum við fram fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd heildarumsögn um „tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands” sem þá voru til meðferðar hjá nefndinni (þskj. nr. 3, 140. lþ.). Í upphafi niðurstöðukafla umsagnar okkar (bls. 33) segir eftirfarandi:

„Tillaga stjórnlagaráðs felur í sér róttækustu breytingartillögu á íslenskri stjórnarskrá frá upphafi. Með hliðsjón af þeim hagsmunum sem hér er um að tefla er brýnt að ítarlegt rannsókn fari fram á tillögunni í þeim tilgangi að leggja mat á hvers konar efnislega stjórnskipun hún felur í sér og hver líkleg raunveruleg áhrif hennar yrðu. Fyrst þá teljum við í raun mögulegt að leggja endanlegt mat á kosti og galla tillögunnar.”


Ef frá eru taldar ákveðnar lagatæknilegar breytingar sem sérfræðingahópur á vegum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar lagði til 12. nóvember sl., svarar frumvarpið, sem vísað er til í áður nefndri fréttatilkynningu, til þeirrar tillögu stjórnlagaráðs sem umsögn okkar 17. janúar sl. laut að. Hins vegar liggur fyrir að engin heildstæð úttekt hefur enn verið gerð á tillögu stjórnlagaráðs „í þeim tilgangi að leggja mat á hvers konar efnislega stjórnskipun hún felur í sér og hver líkleg raunveruleg áhrif hennar yrðu”. Jafnframt drögum við þá ályktun af meðferð málsins hjá Alþingi, fyrir og nú, að ólíklegt sé að þau efnisatriði sem við höfum lýst áhyggjum yfir í umsögn okkar komi til endurskoðunar nefndarinnar. Í þessu ljósi teljum við með öllu tilgangslaust að leggja fram nýja umsögn um umrætt þingmál.

Okkur er kunnugt um að formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis hefur nýverið óskað eftir því að Feneýjarnefndin svokallaða (The European Commission for Democracy through Law) leggi mat á ákveðna þætti frumvarpsins. Af þessu tilefni viljum við taka fram að


Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að til standi að leita til valinkunnra sérfræðinga við mat á umræddu máli. Að okkar viti er hins vegar óheppilegt að þessum aðilum sé falið þetta hlutverk án þess að viðhlítandi greiningarvinna hafi áður farið fram af innlendum sérfræðingum, en ekki verður fram hjá því litið að sérþekking á íslenskri stjórnskipun er að meginstefnu hjá innlendum stofnunum, einkum háskólum landsins. Að okkar mati skapar þetta óhjákvæmilega hættu á að aðkoma Feneýjarnefndarinnar byggist ekki á eins traustum grunni og verði ekki eins markviss og ella hefði verið.

Einnig er óhjákvæmilegt að lýsa yfir vonbrigðum yfir því hversu seint ákvörðun um aðkomu Feneýjarnefndarinnar er tekin og því hversu lítill tími er ætlaður fyrir vinnu hinna erlendu sérfræðinga. Sá tímarammi sem ráðgerður er fyrir vinnu nefndarinnar hlýtur raunar enn að vekja upp spurningar um raunverulegan vilja stjórnvalda til þess að fram fari efnisleg greining á fyrirliggjandi frumvarpi og líklegum áhrifum þess. Við ítrekum hins vegar að við teljum slíka greiningu vera nauðsynlega forsendu þess að unnt sé að leggja endanlegt mat á kosti og galla frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Agúst Þór Arnason,
formaður lagadeildar Háskólans á Akureyri



Skúli Magnússon,
dósent við lagadeild Háskóla Íslands

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík